

Ed. 229. Frumvarp til laga [109. mál]
um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

112. gr. orðist svo:

Dómara er heimilt, enda sé það ekki bannað sérstaklega í lögum, að afgreiða opinbert mál án málshöfðunar:

1. Ef brot er mjög smávægilegt, getur dómari lokið máli með áminningu, er hann skráir í þingbók, enda láti sökunautur við það sitja.
2. Ef brot er skýlaust sannað og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr sektum, ef dómur gengur um málið, getur dómari ákveðið hæfilega sekt, er greiðist innan tiltekins tíma, að viðlagðri viðeigandi refsivist ásamt sakarkostnaði, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun dómara með undirskrift sinni í þingbók. Ef skýlaust sannað brot varðar sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða réttar til að öðlast slíkt leyfi, er heimilt að ákveða á sama hátt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar slíka réttindasviptingu í 1 ár eða skemmri tíma. Greina skal í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að

tefla, refsíakvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot upptöku eignar í för með sér, og getur dómari undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku. Ákvörðun um eignaupptöku getur dómari og tekið með bókun í þingbók, ef sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur, og verðmæti fer ekki fram úr kr. 3000.00.

Nú berst lögreglustjóra kæra um brot gegn umferðarlögum, áfengislögum eða lögreglusamþykkt og hann telur viðurlög við brotinu eigi fara fram úr kr. 5000.00 sekt, og getur hann þá bréflaga innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefið sökunaut kost á að ljúka málinu innan ákveðins tíma með greiðslu hæfilegrar sektar, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglustjóra með undirskrift sinni. Synji sökunautur þessum málalokum eða sinni þeim ekki, vísar lögreglustjóri málinu til dómara.

Nú stendur lögreglumaður vegfaranda að broti á umferðarlögum eða lögreglusamþykkt og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr kr. 1000.00 sekt, og getur lögreglumaður þá gert sökunaut hæfilega sekt, er greiðist þegar í stað eða innan tiltekins tíma, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglumanns með undirskrift sinni í sektabók. Nú greiðist sekt eigi innan tiltekins tíma, og skal þá kæra send til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt. Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður þá dómari, saksóknari eða lögreglustjóri, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda er þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi felld.

Saksóknari ríkisins lætur lögreglustjóra í té skrá yfir brot þau, sem sektaheimild samkv. 2. og 3. mgr. nær til. Í skránni skal veita leiðbeiningar um sektarupphæð fyrir hverja tegund brota. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um bókhald og meðferð þessara mála að öðru leyti.

Senda skal saksóknara skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða sviptingu réttar til að öðlast slíkt leyfi eða sæta upptöku eignar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða að mál, sem lokið er samkv. sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá kært málið til hæstaréttar til ónýtingar á ákvörðun dómara. Ef um sektargerð lögreglustjóra er að ræða, getur saksóknari borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun lögreglustjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fram hafa farið undanfarið, að tilhlutan dómsmálaráðherra, athuganir á gangi dómsmála, sbr. ábendingar í ályktun Alþingis frá 13. maí 1964. Hafa athuganir þessar beint að því að fá upplýst, hvort á verði talið skorta um hæfilegan hraða í meðferð dómsmálanna, og að því leyti sem sú yrði niðurstaðan, að leita ráða til þess að koma fram úrbótum.

Athuganir, sem gerðar hafa verið á gangi og meðferð opinberra mála, þykja sýna, að á því sviði séu viðfangsefni til úrbóta tiltölulega afmörkuð. Hin stærri sakamál virðast yfirleitt hafa eðlilega greiða og örugga meðferð fyrir dómstólum. Nauðsyn á umfangsmikilli reikningslegri endurskoðun verður þar stundum til verulegrar tafar, en dómstólarnir hljóta að meta hvers réttaröryggi krefst í slíkum efnum.

Hins vegar sýnir hinn sívaxandi fjöldi minniháttar mála, einkum vegna brota í umferðinni, að þar er brýn þörf á úrbótum, bæði til þess að létta álag á dómstól-

unum, fá skjótari málalok fyrir sakborninga og auka á varnaráhrif með því að viðurlögum sé komið fram sem skemmstum tíma eftir að brot er framið

Dómsmálaráðherra fól saksóknara ríkisins, lögreglustjóranum í Reykjavík og yfirsakadómaranum í Reykjavík að vinna með dómsmálaráðuneytinu að tillögugerð um þetta efni, og koma þær tillögur fram í þessu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 82 1961, 112. gr.

Helztu breytingar, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1. Lögreglustjórum eru heimilaðar sektagerðir fyrir brot gegn umferðarlögum, áfengislögum og lögreglusamþykktum, allt að 5000 kr. sektum. Sakborningi er í sjálfsvald sett, hvort hann gengst undir sektarákvörðun lögreglustjóra. Geri hann það þá er máli hans þar með lokið. Geri hann það ekki gengur málið fyrir dómstóla. Í gildandi lögum er einungis slík heimild til sektarákvörðunar fyrir lögreglumann þann, er stendur vegfaranda að broti gegn umferðarlögum eða lögreglusamþykkt og sektarupphæð takmörkuð við 300 kr. Sú hámarksupphæð er að vísu í frumvarpinu hækkuð í 1000 kr. Þess er þó e. t. v. ekki að vænta að heiting lögreglumanna á sektarheimild þessari muni verða mikið notfærð. Hins vegar eru raunhæfari möguleikar á að hagnýtt verði heimild lögreglustjóra til sektarákvörðunar, til verulegs léttis fyrir dómstólana.

2. Veigamesta breyting frumvarpsins á gildandi ákvæðum er að heimila dómara ákvörðun allt að 1 árs ökuleyfisviptingar án málshöfðunar, ef brot er skýlaust sannað. Með þessari heimild mundi verulegum hluta mála vegna ölvunar við akstur bifreiða verða lokið á mun einfaldari og fljótlegri hátt en nú er mögulegur, til mikils léttis fyrir dómstólana, þar sem þessi mál eru nú langstærsti flokkur opinberra mála, sem lokið er með dómi. Verður ekki séð, að réttaröryggi sé hætt með þessari breytingu, þar sem þessi meðferð skal aðeins heimil, ef brot er skýlaust sannað og sakborningur játast undir ákvörðun, enda saksóknara og heimilt að kæra málið til Hæstaréttar, ef hann telur rangt með farið, sbr. síðasta málsgr. frumvarpsgreinarinnar, en svo sem um ræðir í 5. málsgr. skal senda skrá um öll slík mál til saksóknara. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga, nr. 26 2. maí 1958, skal svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast það, gerð með dómi. Til samræmis við þessar breytingar mun verða gerð tillaga um breytingu á því lagaákvæði í frumvarpi til breytingar á umferðarlögum, sem flutt verður á næstunni.

3. Loks eru í frumvarpsgreininni reglur um afskipti saksóknara ríkisins af sektargerðum lögreglustjóra og lögreglumanna, sem til þess eru fallnar að gera sektargerðirnar einfaldari í meðförum og skapa samræmi í heitingu þeirra.